

Annar fundur vetrarins í Gammadeild var haldinn miðvikudaginn 17. október, 2012, klukkan 19:30 heima hjá Svönu Friðriksdóttur að Bárugötu 17.

Á fundinn mætti Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, og ræddi um tilurð grunnþátta menntunar í námskrám leik- grunn og framhaldsskóla og hvaða væntingar ráðherra hefur um framkvæmdina.

Fundinn sátu eftirtaldir félagar í Gammadeild: Anh-Dao Tran, Árný Elíasdóttir, Björg Eiríksdóttir, Björk Einisdóttir, Bryndís Steinþórsdóttir, Elín Ólafsdóttir, , Hertha W. Jónsdóttir, Hildur Skarphéðinsdóttir, Hrefna Þórarinsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Jónasdóttir, Jóhanna Einarsdóttir, Kristín Jónsdóttir, Kristín Jónsdóttir kennslukona, Krístrún Ísaksdóttir, Margrét Jónsdóttir, María Pálmadóttir, Pálína Jónsdóttir, Ragnhildur Þórarinsdóttir, Rannveig Löve, Rannveig Sigurðardóttir, Sigríður Jónsdóttir, Stefanía Arnórsdóttir, Stella Guðmundsdóttir og Svana Friðriksdóttir

Tekið fyrir

Fundarsetning Formaður, Árný Elíasdóttir, setti fund k. 19:30, bauð Katrínu Jakobsdóttur og félagskonur velkomnar og kveikti á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpsemi. Síðan var nafnakall. Alls sóttu 25 konur fundinn.

Orð til umhugsunar Hrefna Þórarinsdóttir var með orð til umhugsunar. Hún stiklaði á stóru um þrjár upplifanir sínar í daglega lífinu. Hún sagði frá fósturdóttur sinni sem var svo kröftug og skemmtileg en ákvað svo að taka upp miður góða siði, strjúka að heiman, skrópa í skólanum og leita í félagsskap sem foreldrarnir þekkjá ekki. Hún var dugleg í skóla, framúrskarandi í fimleikum, spilaði eins og engill á selló og átti marga góða vini.

Það sem hefur einna mest hjálpað Hrefnu í þessum raunum er að hún skráði sig í fjallgönguhóp hjá Ferðafélaginu sem tekst á við það verkefni að ganga eitt fjall í viku. Í fjallgönguna hefur hún sótt styrk og lært að dvelja í núinu. Í þessu fallega landi okkar fær hún styrk til að takast á við óbærilega sorg sem fylgir því að eiga ungling í vanda.

Hrefna fjallaði líka um mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar en þau eru veitt þeim einstaklingum, félagasamtökum eða stofnunum sem hafa á eftirtektarverðan hátt staðið vörð um mannréttindi tiltekinna hópa. Markmiðið með mannréttindadeginum er að vekja athygli á málefnum sem varða mannréttindi og á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Mannréttindaverðlaunin á ár hlaut *List án landamæra*. List án landamæra er árlegur viðburður sem miðar að því að kynna verk fólks með fötlun og leitast við að koma á samstarfi milli fatlaðs og ófatlaðs listafólks.

Ingibjörg Jónasdóttir tók til máls og bauð nýja stjórn velkomna til starfa. Hún sagði frá Evrópuforum og kallaði eftir hugmyndum um umfjöllunarefni á næsta Evrópuþingi og tillögum um hvernig við getum nýtt okkur þetta net betur og benti á heimasíðuna í því sambandi.

Skilaboð frá Gerði G. Óskarsdóttur: Gerður býður okkur á ráðstefnu um skil á milli skólastiga, sem haldin verður í nóvember. Hún ætlar svo að fjalla um rannsókn sína á skilum milli skólastiga þ.e. leik- grunn- og framhaldsskóla m.t. grunnþátta menntunar á fundinum okkar 15. nóvember.

Árný Elíasdóttir kynnti starfsemi DKG fyrir Katrínu Jakobsdóttur mennta- og menningarmálaráðherra. Hún sagði það m.a. aðalsmerki okkar deildar hve vel konur mættu á fundi. Þema næstu tveggja ára væri grunnþættir menntunar þ.e. hvernig skólinn útfærði þættina og tengsl þess við fræðin.

Katrín Jakobsdóttir þakkaði gott boð. Hún sagði það heilmikla sögu að segja frá grunnþáttum menntunar eins og þeir birtast í námskránum og að hún muni stikla á stóru um efnið í erindi sínu. Kjarnann í umfjöllun hennar má finna í ritum um grunnþættina sex, sem hér verður vitnað til. Hún lagði áherslu á mikilvægi þjóðfundanna og sérstakleg þjóðfundarins um menntamál í mótun námskránna. Hér á eftir fer formáli Katrínar Jakobsdóttur að þemahefti um læsi og brot úr inngangi að þemahefti um lýðræði og mannréttindi sem lýsir einna best umfjöllun Katrínar á þessum góða fundi Gammasystra á afar hlýlegu heimili Svönu Friðriksdóttur.

Formáli þemaheftis um læsiÍ nýrri menntastefnu eru skilgreindir sex grunnþættir. Þeir eru í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga og mynda kjarna menntastefnunnar. Þeir varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum og skapa mikilvæga samfellu í íslensku skólakerfi. Þessir grunnþættir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Miklu skiptir að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi. Þessum grunnþáttum er m.a. ætlað að bæta úr því. Allir ættu að njóta menntunar sem dugir til þess að þeir geti veitt valdhöfum eðlilegt aðhald, hvort sem þeir eru í fjármálalífínu, stjórnmálum, fjölmiðlum eða á öðrum sviðum. Skólar eru í raun einu stofnanir samfélagsins sem geta tryggt öllum uppvaxandi kynslóðum tækifæri til að búa sig undir þátttöku í virku lýðræði, þjálfaga gagnrýna og skapandi hugsun og mæta ólíkum félagslegum og menningarlegum aðstæðum. Það eru gömul sannindi og ný að engin raunveruleg þróun verður í skólastarfi nema fyrir tilstuðlan kennara og skólastjórnenda. Lengi má lagfæra menntastefnu, skipulag, námsgögn og skólabýggingar en ef breytingum er ekki fylgt eftir í skólunum skila þær ekki árangri. Innleiðing nýrrar hugsunar í skólastarfi byggist á góðri samvinnu menntayfirvalda við þá sem bera hitann og þungann af skólastarfinu. Ég ber þá von í brjósti að útgáfa sex þemahefta um grunnþætti hafi farsæl áhrif á skólastarf í landinu á tímum endurreisnar samfélagsins og hvet starfsfólk skóla, foreldra, forráðamenn og nemendur til að kynna sér vel efni heftanna og starfa í anda þeirra, segir Katrín Jakobsdóttir í formála sínum í þemahefti um læsi.

Í inngangi þemaheftis um lýðræði og mannréttindisegir að grunnþættir menntunar séu settir fram sem sex þættir. Þeir tengjast þó innbyrðis í menntun og skólastarfi og eru háðir hver öðrum. Með því að hugsa út frá þeim má skapa meiri heildarsýn um skólastarfið. Þeir byggjast á þeirri hugmynd að ekki geti orðið virkt lýðræði án **læsis** á hvers konar táknerfi og samskiptakerfi samfélagsins. Þeir eru einnig byggðir á því að virkt lýðræði þrífist aðeins ef jafnframt er stuðlað að hvers konar **jafnrétti milli einstaklinga og hópa** í samfélaginu. Mannréttindi allra verða ekki tryggð nema stuðlað sé að **heilbrigði og velferð** hvers og eins og baráttu gegn mismunun og hvers konar ofbeldi, þar með töldu einelti.

Sjálfbærnisnýst um samspil umhverfis, efnahags, samfélags og velferðar. **Sjálfbærnifelur** í sér virðingu fyrir umhverfinu, ábyrgð, heilbrigði, lýðræðisleg vinnubrögð og réttlæti ekki bara í nútíma heldur og gagnvart komandi kynslóðum. Þannig er óhugsandi að unnt sé að stuðla að mannréttindum án þess að jafnframt sé leitað eftir sjálfbærni og jafnvægi í þróun samfélagsins. Sjálfbærni er einnig háð því að hugað sé að jafnrétti þjóðfélagshópa. Lýðræði og mannréttindi og heilbrigði og velferð felast þannig í sjálfbærni en eru jafnframt sjálfstæðir grunnþættir menntunar. Menntun til sjálfbærni, jafnréttis, lýðræðis- og mannréttinda miðar að því að börn og ungmenni skilji samfélagið eins og það er og hefur þróast. Jafnframt miðar þessi menntun að því að börn og ungmenni verði fær um að taka þátt í að móta samfélagið og öðlist þannig sýn til framtíðarinnar og hugsjónir til að beita sér fyrir. Með því að nota orðin og orðasamböndin sjálfbærnimenntun, lýðræðis- og mannréttindamenntun og jafnréttismenntun er ekki endilega verið að móta nýjar námsgreinar eða ný námssvið heldur eru orðin notuð til vísbendingar um námsefni og viðhorf sem leggja skal áherslu á.

Sköpuner nauðsynlegur þáttur í allri menntun og nær þannig til allra annarra grunnþátta. Sköpun er mikilvægur þáttur í öllu námi og starfi, ekki einungis í listmenntun. Allir grunnþættirnir eiga sér rætur í gagnrýninni hugsun, ígrundun, vísindalegum viðhorfum og lýðræðislegu gildismati. Þótt grunnþættirnir séu samtvinnaðir hefur hver þeirra sín sérkenni. Þá má þannig nota til að halda utan um markmið skólakerfisins í heild og sérstakar áherslur hvers skóla eða skólastígs. Grunnþættirnir eru þó

ekki nýtt flokkunarkerfi námsþátta heldur skilgreindir til þess að skerpa markmið skólanna og tengja þau saman. Flest atriði skólastarfs má fella undir fleiri en einn grunnþátt og mörg þeirra undir hvern þeirra sem er (Úr formála þemaheftis um lýðræði og mannréttindi).

Miklar umræður sköpuðust í lok erindis Katrínar enda nokkur hundruð ára reynsla af skólastarfi samankomin þetta kvöld eins og Árný, formaður stjórnar Gammadeildar, komst svo skemmtilega að orði.

Að lokumsagði Katrín að gert væri ráð fyrir því námskrámar yrðu innleiddar á þremur árum. Hún fór líka nokkrum orðum um námsmatið að það þurfi að breikka það og gefa nemendum umsagnir fyrir vinnu sína, ekki að einblína á hvað nemandinn fékk í einkunn heldur gefa honum umsögn t.d. fyrir kurteisi við annað fólk. Einkunnin væri ekki endilega vísindalegri en umsögnin. Hún lagði og mikla áherslu á að mikið traust væri borið til skólans sem menntastofnunar.

FundarlokFormaður færði Katrínu og húsráðanda rós sem þakklætisvott fyrir þeirra framlag til fundarins og færði Katrínu kynningarbækling Delta Kappa Gamma. Að lokum færði Svana Árnýju bók að gjöf, fyrir hönd Gammasystra, í tilefni sextugsafmælisins á árinu.

Fundargerð skráði Björk Einisdóttir.